

130. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn mánudaginn 11. maí 2009 kl. 18:00 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Gjaldskrá fyrir næsta skólaár
3. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Sigurborg Sturludóttir og Daði Jóhannesson.

1. Mikið hefur verið um að vera síðustu vikurnar; vortónleikar lúðrasveitarinnar, tónleikaferðir og vorvaka Emblanna en 22 nemendur skólans tóku þar þátt í dagskránni.

Trommusveitin og Víkingasveitin spila fyrir ráðstefnugesti ráðstefnunnar Menningarlandið 2009 í Stykkishólmi 11.-12. maí.

Í síðustu viku voru tekin 16 áfangapróf hjá prófanefnd, til viðbótar voru tekin 7 tónfræðipróf á miðstigi. Önnur vorpróf standa yfir í þessari viku og í næstu viku verða fernir vortónleikar auk skólaslita.

40 manna hópur kom í heimsókn frá Lappeenranta og heppnaðist heimsóknin mjög vel.

Skóladagatal 2009-2010 er í vinnslu og mun skólalald byrja eftir dönsku dagana og standa yfir í 36 vikur líkt og síðasta skólaár.

Kennarar skólans, skólanefnd og fulltrúar bæjarstjórnar sátu fund með arkitektum nýs skóla 24. apríl, þar sem farið var yfir stöðuna.

Enn er óráðið í stöðu Martins en annars verður kennaraliðið það sama.

Auglýst verður í næsta Stykkishólmspósti umsóknarfrest á umsóknum um skólavist næsta skólaár.

2. Nefndin leggur til að skólagjöld fyrir næsta skólaár hækki um 10%.
3. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 18.45.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).